



Fundur háskólaráðs 9. desember 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 03.12.2004
Dags: 09.12.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

17/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 9. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 9.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Rögnvaldur Ólafsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Eiríkur Tómasson, Bryndís Harðardóttir, Ásthildur Erlingsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Matthías Imsland, Jón Ó. Skarphéðinsson og Jóhannes R. Sveinsson.

1. Mál til fróðleiks

1.1 Prófgráðulisti Háskóla Íslands, ásamt bréfi til menntamálaráðuneytis.

1.2 Vísindagarðar H.Í. Staða mála. Bréf menntamálaráðuneytis 3. desember 2004.

1.3 Háskólatorg. Staða mála. Bréf rektors til ráðherra dags. 25. nóvember 2004.

1.4 Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindagreinum, dags. 7. desember 2004.

2. Erindi til háskólaráðs.

2.1 Nám í geislafræði og lífeindafræði í læknadeild, sbr. síðasta fund. Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt samhljóða að fylgja því verklagi sem lýst er í framlögðum gögnum.

2.2 Tillaga frá raunvísindadeild um veitingu heiðursdoktorsnafnbótar, sbr. bréf deildarforseta, dags. 10. nóvember sl. og síðasta fund.

- Tillaga raunvísindadeildar samþykkt einróma.

2.3 Tillaga raunvísindadeildar að breytingu á 118. gr. reglna H.Í. nr. 458/2000, dags. 25. nóvember 2004.

- Tillaga raunvísindadeildar samþykkt.

2.4 Tilnefning nýs fulltrúa og varafulltrúa Háskólans í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sbr. bréf menntamálaráðuneytis, dags. 23. nóvember sl., sbr. síðasta fund.

- Samþykkt einróma að Rögnvaldur Ólafsson verði aðalmaður og Jón Ólafur Skarphéðinsson varamaður í stjórn Lbs.-Hbs.

2.5 Kjör stjórnar Háskólaútgáfu, sbr. síðasta fund. Lögð fram greinargerð fráfarandi stjórnar ásamt Handbók útgáfunnar og lista yfir útgefnar bækur 2003 og 2004.

Magnús Diðrik Baldursson gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að endurnýja skipun stjórnarmanna Háskólaútgáfunnar til

næstu þriggja ára.

2.6 Kjör stjórnar styrktarsjóða Háskólans, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt einróma að endurnýja skipun stjórnarmanna styrktarsjóða Háskólans til næstu þriggja ára.

2.7 Málefni Sáttmálasjóðs, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að rektor skipi starfshóp til að fara yfir málefni Sáttmálasjóðs, sbr. framlagt minnisblað.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1. Fjármál Háskólans. Tíu mánaða uppgjör, fjárhagsáætlanir fyrir árið 2005 og skipting fjárveitinga. Framhald umræðu frá síðasta fundi. Gögn um stjórnunar- og aðstöðugjald send með fundarboði.

Rektor og Ingjaldir Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, gerðu grein fyrir málinu og var það rætt rækilega. Málið verður áfram á dagskrá á næsta fundi.

3.2. Tillögur að breytingum á sameiginlegum reglum Háskólans nr. 458/2000 og tillögur að samþykktum, skv. 2. mgr. 9. gr. laga um H.Í. nr. 41/1999, sbr. síðasta fund.

a) Tillaga Lagastofnunar H.Í. að breytingu á 4. tölulið 27. gr. sameiginlegra reglna Háskólans nr. 458/2000 um þjónusturannsóknir á vegum rannsóknastofnana deilda. Minnisblað akademískrar stjórnarsýslu lagt fram á fundi ráðsins 4. nóvember sl., sbr. umræður á fundi ráðsins 21. október sl.

b) Samþykkt Lagastofnunar H.Í. um þjónusturannsóknir, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma að Vilhjálmi Árnasyni, Jóhannesi R. Sveinssyni og Ingjaldir Hannibalssyni verði falið að fara yfir tillögurnar og undirbúa afgreiðslu þeirra á fyrsta fundi háskólaráðs eftir áramót. Með hópnum starfi Halldór Jónsson og Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir.

3.3. Málefni Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfisstofnunar, sbr. síðasta fund.

- Frestað.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 12.40.